27,60

27.60

=100

7

Einkunnarorð þessa blaðs eru:

Bygging sundlaugar á Sauðárkróki.

# ÁRGEISLINN

| | | |
|---|---|---|
| 1. blað. | Sauðárkróki 28. nóv. | 1952 |

Ritstjóri Kári Jónsson

Árgeislinn er ekki að hefja göngu sína í dag. Hann hóf hana fyrir nokkrum áratugum síðan, en nú hefur hann gönguna á ný eftir alllanga hvíld. Er það von mín að í framtíðinni verði hann, það sem hann áður var, bæði fróð- og skemmtilegur, félagi okkar til styrktar og eflingar, og til að gefa félagsmönnum tækifæri til átaka á ritvellinum. Aðeins einn árgangur er nú til af „Árgeislanum". Er hann frá árinu 1921. Er fróðlegt að lesa hann og skyggnast inn í hugi félagsm. og starfsemi fél. þá. Ekki veit ég hvort eftirmönnum okkar þykir þessi árgangur gefa þá mynd af félaginu sem hinn 30 ára gamli gerir. Ef okkur tekst að lýsa, þvert ofan í staðreyndir, mynd af öflugum félagsskap, með áhugasömu æskufólki, fullt af eldheitum áhuga fyrir Íslandi

og Íslenzkri menningu, þá má ritþorni okkar vera í götu lagi. Slíkt er niðurlæging okkar nú. Félagið var áður öflug stofnun, sem hélt uppi margvíslegri starfsemi. Nú er það líkast illa ásig komnum útigangshesti. Það ráfar um stefnulítið og virðist hvergi eiga athvarf. En nú er það okkar að taka það á hús og hýsa það vel, eigi það ekki að verða vetrarmaðurinn áhugaleysisins að bráð.
En hver er orsök deifðarinnar? Fyrst og fremst áhugaleysi; tilhneigingin til að kasta ábyrgðinni í hendur annara, og viljinn til að vera áhorfandi en ekki þátttakandi. ~~Sem sagt~~ Í fáum orðum sagt: Orsökina er að finna hjá okkur sjálfum. Við verðum að uppræta hana, efla áhugann, takast á hendur ábyrgð og vera þátttakandi, lifandi hlekkur, í virku félagslífi. Allt þetta verðum við að gera, ef vel á að fara. „En að hverju á að vinna?“ spyrð þú þá e.t.v. Það er eðlilegt að þú spyrjir, fáviska þín gefur þér fullt tilefni til þess. Svarið er, að stefnumálum félagsins. Vitir þú þau ekki þá eru þau að finna m.a. á félagsskírteini þínu.
Ég álít að bezta ráðið til eflingar fél. starfseminnar sé að félagið vinni að einhverju ákveðnu marki, sem einkum geti hugum félaganna.
Bygging sundlaugar hér er mikið hagsmunamál, sem varðar alla bæjarbúa. Taki félagið forystuna í því máli og leiddi það til sigurs er ég sannfærður um að álitið á félaginu myndi gjörbreytast, bæði hjá félögunum sjálfum og Sauðkrækingum yfirleitt.
Einhvert slíkt verkefni, sem heillaði okkur sjálf og yrði öðrum til gagns er einmitt það, sem okkur vantar. Yrði þá umsögn eftirmanna okkar nokkuð á annan veg en líklegt að verði með þessu áframhaldi.

Kári Jónsson

Molar! **Brota-brot.**

Maður nokkur sagði fyrir nokkru síðan, að ekki væri að undra þótt starf ungmennafélagsins gengi illa, þar eð Kári Jónsson væri form. og Haukur Stefánss., Stefán Guðmundss. og Jónas Þór Pálss. í skemmtinefnd. Samnefnari þessara 4 manna væri „Kvöldstjarnan“. Þetta er gáta, sem bíður úrlausnar.

— // —

„Ég hefi hvorki fengið vott né þurt í tvo daga“ sagði umrenningurinn volandi við húsfreyjuna í litla veitingahúsinu „Georg og drekinn“. „Getur frúin ekki séð af einni brauðsneið handa mér?“ „Nei, ég held nú ekki,“ hreytti frúin úr sér, „snautaðu burtu.“ Umrenningurinn brölti burtu, en kom eftir fáeinar mínútur aftur. „Hvern skollann viltu mér nú?“ spurði húsfreyjan önug. „Mér datt í hug“ sagði umrenningurinn varfærnislega, „hvort ég mundi geta fengið að tala við Georg.“

— // —

Steinn Steinarr er yfirleitt talinn vera hinn ókrýndi konungur svokallaðra atómskálda. Margir eru þeir, sem telja íslenzkri menningu stafa hætta af atferli þessara „skálda", aðrir telja að þeir séu sönnum gróandans í listum og menningu þjóðar vorrar. En látum verkin tala. Hér er „kvæði" úr verkum Steins:

Búlúlala.

Abbessiníukeisari heitir Negus Negusi,
og Negus Negusi segir: Búlúlala.
"Öllum mönnum, sem unna málstað ríkisins
finnst unun að heyra Negus Negusi tala.

Og í hreinskilni sagt eru allir óvinir ríkisins,
sem ekki hlusta á Negus Negusi tala.
Ég er Negus Negusi, segir Negus Negusi,
ég er Negus Negusi. Búlúlala.

Þess má að lokum geta að Steini voru úthlutaðar 9.000.00 kr í listamannastyrk ~~s.l. ár~~ þ.á.

—— || ——

Nú er talað öll ósköp um fljúgandi diska, sem þeir væru áður óþekkt fyrirbrigði. En hvílík vitleysa! Þeir eru löngu þekktir. Spyrjið giftu karlmennina og þeir munu staðfesta að svo er.

—— || ——

Af elztu sögum er það sýnilegt að íþróttir hverskonar hafa verið einn megin þáttur alls uppeldis æskumanna. Á þeim tímum lágu til þess ýmsar ástæður, sem ekki verða raktar hér. Má þó aðeins minna á að þá var hreysti, ásamt góðri dómgreind og vígfimi, vísasta leiðin til frama og frægðar. Vart mun geta um þann mann í bókmenntum liðinna alda, sem var vígfimur og djarfur á þeirra tíma mælikvarða en ekki jafnframt hraustur og fimur til leika og íþrótta. Íþróttir og leikir voru þá sem nú undirstaða hermennsku og hreysti, vígfimi og djörfungar. Að vísu má segja að á liðnum öldum hafi þessir tveir þættir — íþróttir og hermennska — verið mun nátengdari hver öðrum en nú á sér stað. Vélamenning og þar með drápsvélamenning nútímans hefir skapað það viðhorf að nú eru þessir tveir þættir ekki svo hliðstæðir sem þá.

Ef við lítum til hinna stóru herþjóða nú á dögum komumst við þó að þeirri niðurstöðu að þær telja íþróttaiðkanir hverskonar heppilega þjálfunaraðferð fyrir hermenn sína. Frá þessu sjónarmiði hafa íþróttirnar því ekki tapað hinu forna gildi sínu.

Það var annars ekki meining mín með þessum stutta þætti að binda íþróttir og hermennsku órjúfandi böndum, síður en svo. Vildi þó benda á að í þeim tilfellum sem öllum þjóðum þykir mest á ríða og barizt er um dýrmætustu eign þjóðanna frelsið — og öllu, sem að gagni má koma til sigurs í þeirri baráttu, er fórnað þá hafa íþróttir um aldaraðir verið taldar einna heppilegastar og

nauðsynlegasti þátturinn til happasællar sjálfvarnar hermanna, sem fyrir frelsinu berjast. Þjóðir þessar telja að íþróttaiðkanir gefi sér góða eða betri hermenn, ~~(með tilheyrandi útbúnaði)~~, nógu marga og góða hermenn með tilheyrandi útbúnaði aftur á móti öryggi fyrir frelsi þjóðanna — fjöreggi þeirra. —

Sem betur fer hafa Íslendingar ekki þurft hinar síðari aldir að stunda íþróttir vegna hersjálfvarnar, og vonandi þurfum við þess aldrei á komandi tímum. En séu íþróttir nauðsynleg sjálfvörn hermanna eru þær þá ekki nauðsynlegar til sjálfvarnar starfandi fólki á öllum sviðum atvinnulífsins? Ég hygg tvímælalaust að svo sé. Að öllum líkum má gera ráð fyrir að markmið þeirra verði í framtíðinni beint enn meir en hingað til inn á þær brautir. Á þessa skoðun vil ég af mörgum ástæðum leggja mikla áherslu.

Um aldaraðir hafa íþróttirnar verið iðkaðar á völlum eða leiksvæðum gerðum af náttúrunnar hendi, sund í köldum vötnum, volgum lækjum eða torflaugum og glímt þar sem að menn mættust þótt þar væru ekki neinir haslaðir vellir. Fyrir fangbrögð. Má með fullum sanni segja að það sé fyrst á þessari öld að farið er að nokkru ráði að lagfæra og bæta skilyrði til þeirra hluta. Fyrstu áratugina að vísu mjög lítið og á ófullkominn hátt. Algjörð þáttaskil í þessum málum verða fyrst með setningu íþróttalaga 1940.

Á þeim rúma áratug, sem liðinn er síðan, hafa risið upp mörg og mikil íþróttamannvirki víðsvegar um landið og hafa þau að sjálf-

sögðu kostað tugi milljóna króna. Mannvirki þessi eru mörg hver mjög fullkomin og glæsileg þótt á það skorti ~~þá~~ alltíða enn þá.

Hérað okkar — Skagafjörður — hefir þó enn sem komið er notið fremur lítilla hlunninda úr íþróttasjóði ríkisins og kemur þar margt til.

Stærsta mannvirkið á þessu sviði í héraðinu er íþróttavöllurinn okkar hér á Sauðárkróki og þótt styrkur til hans hafi enn sem komið er verið mjög lítill er von um að úr því rætist á komandi árum. Með byggingu þessa vallar er stórt spor stigið til bættrar aðstöðu íþróttaiðkenda hér á staðnum. Enganveginn er hann þó svo fullgerður sem skyldi, en með góðu viðhaldi og endurbótum er víst að unnt er að gera hann vel úr garði og góðan til hverskonar íþróttaiðkana og keppni.

Ég hefi þá von og trú að æska þessa bæjar leggi metnað sinn í það að verja hann áföllum af illri umgengni, og geri sitt bezta honum til viðhalds og endurbóta. Mun hann þá bera henni fagurt vitni

Völlur þessi er fyrst og fremst gerður vegna æskufólksins og fyrir það. Til þess verða því gerðar nokkrar kröfur varðandi þetta mál, enda er ég þess fullviss að það er ósk unga fólksins að til þess séu gerðar hóflegar kröfur og að því sé trúað fyrir nokkru og treyst til mikils, ekki sízt þar sem íþróttir og íþróttamannvirki eru annarsvegar.

Allir vita að bygging þessa vallar er þó aðeins fyrsta skrefið í uppbyggingu íþróttasvæðis-

-ins og íþróttamannvirkja hér. Það er svo ráð fyrir gert, og ætlast til, að á komandi árum verði aðal leikvangurinn reistur norðan þessa svæðis með grasvelli og fullkomnum hlaupabrautum, einnig byggingar vegna þessara starfsemi og eru þær ekki síður nauðsynlegar en völlurinn sjálfur. Verkefnin eru því stór og mörg og kalla á starfsamar hendur, meira fé og auknum manndóm. Enn er sundlaugin ólokin og þó ekkert aukaatriði. Bygging hennar er það brettistak er bæjarbúar allir ungir sem gamlir, þurfa af fullkominni nauðsyn að lyfta nú á allra næstu árum.
Það verður vitanlega erfitt, en verður þó að takast. Bygging hennar þarf að hefjast á næsta ári. „Kóngurinn vill sigla en byr hlýtur að ráða". Verður það vafalaust svo í þessu máli sem öðrum að þetta spakmæli hafi sitt fulla gildi. Viljinn til hlutanna þarf þó fyrst og fremst að vera fyrir hendi, er þá frekar von til að annað komi á eftir svo sem fjárfestingarleyfi og fé.
Í þessari stuttu grein hefi ég rakað úr einu í annað án þess að gera neinum þætti þessara mála nokkur veruleg skil. Fá hvatningarorð eru hér skráð. Þó vildi ég frekast að í þessu fælist sú hvatning til ungmennafélaga og annara ungra manna og kvenna þessa bæjar, að þau og þær yndu sér ekki hvíldar fyrr en nokkuð þokaðist í áttina að settu marki, svo að sýnilegt væri að rétt væri stefnt og og til heilla fyrir uppvaxandi æsku og óborna - fyrir lifandi og komandi kynslóðir. Liðið undir útréttan arm huldukonunnar og skyggnst inn í framtíðina. Eru það ekki hvetjandi sýnir? Tækifærin hafa máski aldrei verið meiri en í dag. Þekkingin á öllum sviðum og tæknin aldrei áður svo fullkomin. Við vonum að allt þetta verði notað heiminum til góðs en ekki til tortímingar. Við getum vafalaust litlu um þetta ráðið. Leggjum þó okkar litla lóð réttu megin á vogarskálina til hagsbóta og heilla fyrir þjóð okkar - hérað okkar - okkar litla og unga bæjarfélag.

S. J.

II

Hún er gerð um kjaftakerlingu þessi vísa:

Um allar vammir öðrum brá,
ekki vantar málskukraftinn,
Herrann ætti hespu og skrá
henni að lána fyrir kjaftinn.

II

Það var í anddyri veitingahúss. Hægur lítill maður lagði hönd sína feimnisl. á handlegg manns, sem var að klæða sig í frakka. „Afsakið" sagði hann, „eruð þér herra Jón Jónsson frá Siglufirði." „Nei!" svaraði maðurinn óþolinmóðl. „E-einmitt" stamaði litli maðurinn, - sko til ég er herra Jón og það er frakkinn hans sem þér eruð að fara í.

II

# Málarinn.

Eins og marga rekur eflaust minni til þá hélt ungur maður að nafni Veturliði Gunnarsson, málverkasýningu í Reykjavík í haust. Vakti hún mikla athygli og var mjög umdeild. Veturliði þykir hallast að hinum svonefnda realisma og frábitinn öllum abstrakt siðum. Þóttust nú sumir eygja á ný hina „skiljanlegu list" eins og ~~sumir~~ þeir nefna hana og nema hendurnar af ánægju yfir þessu fábita fyrirbrygði nútímans. Aðrir sögðust hilla undir dauða og tortímingu „eðlilegrar listþróunnar" á listamannamáli talað. Í þeirra flokki var Björn Th Björnsson listfræðingur. Veturliði virðist vera í nöp við Björn og er hann (Björn) heimsótti sýninguna Veturliða, gerði sá sitarnefndi ~~sér~~ lítið fyrir fyrir og henti honum út. Um þetta er kveðið eftirfarandi:

## Í Listamannaskálanum.

Alþýðleg málverk, ekki fá
una með spekt og friði
hvarvetna má í salnum sjá;
— á sum þeirra er límdur miði
Hugfanginn mjög sitt handverk á
horfir þar Veturliði.
— Svo birtist í gættinni Björn Th
boðandi abstrakt siði

//

Í skála þeirra listamanna
skeður margt eitt grín,
þegar málararnir sina þar
málverkin sín,
og staffírugir listdómarar
skeyta við þá görn.
— Upp lítur hann Veturliði
— inn kemur Björn.

//

Yfir allra málverkanna
línur og lit
skyggnast þau hans abströktu
skilningarvit.

Lítur hann á myndirnar
sá lærði mann.
— Skelfing er að sjá þetta
segir hann

//

— þetta er bara ellibleik
og úrkynjuð list,
svipuð því, sem tíðkaðist
árið 2000 fyrir Krist

Það verður víst að hafa það
í þetta sinn,
en næst ættirtu að vanda þig
— vinur minn. —

//

Listamaðurinn leit upp þá,
á listdómarann hvessti skjá:
— Haltu þér saman og farðu frá
fyrst þú segir þetta
og rangfærir allt hið rétta. —
Leggur hann því næst þungann hramm
þvert yfir herðar Birni
og dregur hann svo í dyrnar fram
og duglega trúi ég hann spyrni
í botninn á Birni

"

Inni varð Birni ekki um sel,
utan dyranna bar sig vel,
meðan ókvæðisorðaél
á honum magnað dundi.
„Listamaðurinn lengi þar við undi".

—— || ——

# Samnorræna sundkeppnin 1951

Eftirfarandi grein er útdráttur úr all ítarlegri skýrslu Guðjóns Ingimundarsonar íþróttakennara.

Tillögur um sundkeppni þessa komu fyrst fram á fundi hins norræna sundsambands 16. des 1950, og voru frá sænska sundsambandinu.
Var þar lagt til að grundvallartölur þjóðanna yrðu þessar:

| | | |
|---|---|---|
| Svíþjóð | 140.000 | þátttakendur |
| Finnland | 130.000 | — " — |
| Noregur | 35.000 | — " — |
| Danmörk | 35.000 | — " — |
| og Ísland | 25.000 | — " — |

Þessi háa tala hjá Íslandi var rökstudd á þann veg að íslenzka þjóðin væri sundmenntaðasta þjóð Evrópu. Daginn eftir sáu Svíar þó að sér og gerðu breytingartillögu á þann veg að Íslandi væru ætlaðir 5000 þátttakendur.

Í meðförum þingsins voru gerðar á þessu nokkrar breytingar, og urðu grundvallartölur þjóðanna endanlega þessar:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Svíþjóð | 150.000 | þáttt. | eða | 2.1% | þjóðarinnar |
| Finnland | 105.000 | — | — | 2,6% | — |
| Danmörk | 40.000 | — | — | 1% | — |
| Noregur | 35.000 | — | — | 1,1% | — |
| og Ísland | 10.000 | — | — | 7,5% | — |

Rétt er að geta þess að vegna sérstakra mistaka átti Ísland engan fulltrúa á þessu þingi og því ekki hlutdeild í ákvörðunum þess.
Framkvæmdastjórn Íþróttasambands Íslands ákvað að taka þátt í keppninni á þessum grundvelli en fór fram á og fékk breytingu á keppnistímanum fyrir Íslands hönd.
Nú var hafinn undirbúningur keppninnar af fullum krafti og nefndir skipaðar í hverjum stað um allt land, en formaður landsnefndar var Björn Ólafsson menntamálaráðherra.
Í aðalframkvæmdanefnd voru þeir, Erlingur Pálsson form. Sundsambands Íslands, Þorgeir Sveinbjarnarson forstjóri Sundhallar Reykjavíkur og Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi, sem jafnframt var framkvæmdastjóri sundkeppninnar hérlendis og aðal driffjöður hennar.
Framkvæmdanefndin setti sér það mark að 30.000 Íslendingar tækju þátt í sundkeppninni, en lét prenta skrár og kvittanir fyrir 40.000 þátttakendur. Þá lét nefndin einnig búa til sundmerki til sölu, en síðar kom á daginn að stórlega skorti á framleiðslu þeirra, því að allflestir þeirra, sem luku sundinu vildu kaupa merki til minningar um þessa einstæðu keppni
Sundkeppnin hófst svo þann 20. maí með því að Björn Ólafsson menntamálaráðherra flutti ávarp til þjóðarinnar í útvarpi og setti keppnina, og ýmsir stórmenni drifu sér til sunds og luku skyldu sinni fyrstir manna hvað þetta snerti. Jafnframt var hafin

× áróður í útvarpi og blöðum fyrir framgangi keppninnar og átti hún víðast miklum vinsældum að fagna og þær fáu raddir að keppni þessi væri hjákátleg skrípalæti þögnuðu skjótt.
Fyrst í stað var einkum synt í sundlaugum kaupstaðanna, en smátt og smátt, eftir því sem á vorið leið bættust fleiri og fleiri sundstaðir við og voru að lokum um 20. júní orðnir 79 talsins.
Í fáum orðum sagt: keppnin stóð frá 20. maí til 10. júlí og er óhætt að segja með fullri vissu að í sambandi við hana unnu fjölmargir víðsvegar um landið mjög mikið og óeigingjarnt starf við skipulagningu, leiðbeiningu og framkvæmd hennar. Með jafnmikilli vissu er óhætt að fullyrða að ef þeirra áhugasömu einstaklinga hefði ekki notið við mundi niðurstaða sundkeppninnar hafa orðið allt önnur en varð.
Það voru fjölda margir, sem komu í sundlaugina í Varmahlíð í sambandi við þessa keppni, er ekki höfðu komið í sund um áratugi og verð ég að segja að ég dáðist að áhuga þeirra og þrautseigju margra hverra (~~þeirra~~), og í hjarta mínu fylltist ég oft innilegum fögnuði er þetta fólk náði settu marki og hafði lokið 200 metra sundinu. Eldra fólkið á sérstakar þakkir skyldar fyrir sinn skerf í sundkeppninni, úr frá því kviknuðu oft þeir áhugaeldar, sem leiddu af sér fleiri og fleiri þátttakendur. Við úrvinnslu skýrslna frá hinum 79 sundstöðum kom það í ljós sem kunnugt er, að Ólafsfjörður hafði hæsta hundraðstölu þátt.

eða 42,1% bæjarbúa, og er Sauðárkrókur tiltölul. 6. í röðinni með 30,6%. En af sýslunum var Suður-þingeyjars. sigur úr býtum með 29.1%; Skagafjs. er 4.–5. í röðinni með 25.7% þátttöku. Lægst var Norður Múlasýsla með 8.9%.

Þrír skólar höfðu 100% þátttöku og þeir eru Íþróttakennaraskóli Íslands, ~~Gagnfræðaskólinn~~ Gagnfræðaskóli i Neskaupstað og Gagnfræðaskóli Sauðárkróks.

Úrslit keppninnar urðu sem kunnugt er þau að Ísland sigraði, hafði 36.037 þátttakendur eða 540.555 stig,

næst kemur Finnland með 176.312 þátttakendur og hlaut 251.874 stig,

þá Danmörk með 50.492 þátttakendur og hlaut 189.345 stig.

Noregur með 312.004 þátttakendur og loks Svíþjóð með 128.035 þátttakendur og hlaut 128.035 (Noregur hlaut 137.160 stig). Fsh. G. J.

———— // ————

Í næsta blaði verður skýrsla þessi rakin nánar og m.a. rædd þátttaka Skagfirðinga.

———— // ————

Þá verður nú látið staðar numið í þetta sinn. Ekki efa ég að margt megi að blaðinu finna. En hér er um tilraun að ræða og verkið að mestu í höndum eins manns. Bið ég ykkur að hafa það í huga. Nú þegar blaðið hefur hafið göngu sína óska ég þess að verða leystur frá þeim starfa að annast það og að nýr maður taki við. Ekki er ég að skorast undan að starfa heldur brysti ég mig varla til að annast blaðið ásamt ýmsum öðrum störfum fyrir félagið. Ég heiti væntanlegum ritstjóra fullum stuðning og veit að meðstjórnendur mínir gera hið sama.

Einkunnarorð þessa blaðs eru Bygging sundlaugar á Sauðárkróki. Ég valdi þau með þá von í huga að þau yrðu til þess að vekja enn frekari athygli á nauðsyn hennar.

Sundlaugarmálið er stórkostlegt hagsmunamál, sem enginn Sauðkrækingur getur látið afskiptalaust. Við verðum að taka höndum saman og leysa málið á farsælan hátt.

Vera samtaka og fórnfús, viljasterk og örugg um sigur

[illegible] Jónsson

108 auðar síður